

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. nóvember 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-93/2009:

I

Fyrri álitsbeiðni.

25. ágúst 2009

Í álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa frá 22. október sl. í máli nr. M-67/2009 segir m.a. eftirfarandi:

„Hinn 25. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna stækkunar á hörðum diskum fartölvu sem hann kveðst hafa beðið fyrirtækið Y, að framkvæma. Álitsbeiðandi segir að eftir þessa aðgerð hafi tölvan verið biluð og hafi hann farið með hana í viðgerð og ekki fengið hana til baka. Álitsbeiðandi segist gera kröfu til þess að Y greiði fyrir nettengingu sína á viðgerðartímanum að viðbættum skaðabótum fyrir það að hafa ekki getað fylgst með fréttum og atvinnuauklýsingum á netinu. Þá kveðst álitsbeiðandi gera kröfu til þess að gert verði við tölvuna eins og talað hafi verið um í upphafi en að öðrum kosti leggi Y sér til nýja tölvu með nýjustu forritum sams konar og hann hafi haft á sinni tölvu og greiðslu fyrir allar uppfærslur sem hann hafi gert á fartölvu sinni en sá kostnaður nálgist eina milljón króna. Þá gerir álitsbeiðandi kröfu til þess að gögn úr fartölvunni séu yfirfærð á nýju tölvuna. Álitsbeiðandi segist hafa tapað niður færni sinni á tölvu og verður að skilja álitsbeiðnina svo að hann geri kröfu til þess að Y kosti endurmenntun fyrir hann.

Kæruneftndin hafnaði kröfu álitsbeiðanda á þeim forsendum að ekki væri hægt að rekja það sem að tölvunni væri nú til galla á þjónustu Y.

II

Síðari álitsbeiðni

16. nóvember 2009

X bað á ný um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa 16. nóvember sl. á sama ágreiningsefni og lýsir kröfugerð sinni og rökstuðningi svo: „Mín krafa er að ef fyrirtækið getur ekki innt af hendi einfalda þjónustu að því er virðist þá eiga þeir að hætta í þessum geira eða láta tryggingarnar sem allir í þjóðfélaginu (fyrirtæki) verða að hafa til að greiða tjónþolanum hið skemmda tæki sérstaklega í tilfellum eins og ég er að lenda í. Þessi tæki eru ekki ódýr í kaupum þó að margir vilji halda því fram.“

Álitsbeiðandi segist senda „gömlu gögnin ásamt nýjum gögnum“ með álitsbeiðninni.

Þau gögn sem fylgja nýju álitsbeiðninni og fylgdu ekki þeirri eldri eru 7 reikningar frá fyrirtækinu Z, forvera Y, dags. á tímabilinu frá 2. apríl 2005 til 5. október 2007, og tvær verkbeiðnir, önnur frá 7. september 2006 og hin frá 27. september 2007. Þótt ekki komi það glögglega fram á þessum skjölum verður að gera ráð fyrir að þau varði öll viðgerðir eða lagfæringar á tölvu álitsbeiðanda. Ekki verður séð að neitt þessara skjala hafi að geyma lýsingu á því sem álitsbeiðandi segir nú vera að tölvunni eða séu í tengslum við þá bilun, en sú verkbeiðni sem fylgdi fyrri álitsbeiðni er frá árinu 2009.

Kærunefndin álitur að þannig hafi ekkert nýtt komið fram sem breytt geti niðurstöðu hennar frá 22. október sl. í máli nr. M-67/2009 og vísar því nýrri beiðni álitsbeiðanda frá.

III

Niðurstaða kærunefndarinnar

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir